

Reykjavík 31. júlí 2012

## Boðun á 58. Landsþing Landssambands Hestamannafélaga haldið í Reykjavík dagana 19. og 20. október 2012

Til formanna hestamannafélaga

Landsþing LH verður haldið dagana 19. og 20. október n.k. í boði hestamannafélagsins Fáks. Rétt til þingsetu eiga 169 þingfulltrúar frá 46 hestamannafélögum.


Kjörbréf verða send formönnum hestamannafélaganna um miðjan ágúst ásamt upplýsingum um gistingu í Reykjavík. **Bókun á gistingu fer alfarið fram í gegnum skrifstofu LH á eyðublöðum sem verða send út síðar.**

Á meðfylgjandi blaði er yfirlit yfir fjölda félaga í LH 2012 og fjölda þeirra þingfulltrúa sem rétt eiga til þingsetu. Það eru 75 félagsmenn á bak við fyrsta þingfulltrúa, 76-150 á bak við annan þingfulltrúa, 151-225 á bak við þann þriðja o.s.frv.

Tillögur og önnur málefni sem hestamannafélögin óska eftir að tekin verða fyrir á þinginu verða að berast skrifstofu LH í síðasta lagi **24. ágúst n.k.** Í lögum LH stendur:

**“1.2.2 Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn LH minnst 8 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn LH tilkynna sambandsaðilum bréflaga dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 2 vikum fyrir þingið.”**

Bestu kveðjur, f.h. LH



Oddrún Ýr Sigurðardóttir